



# Atvinnuleysis- tryggingasjóður

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2020



September 2021

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Atvinnuleysistryggingasjóðs og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest. Vakin er athygli á að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ekki undirritað ársreikninga sjóðsins allt frá árinu 2017 eða eftir að lög nr. 123/2015 (LOF) um opinber fjármál tóku gildi vegna ágreinings stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs við fjármálaráðuneyti um breyttra framsetningu ársreiknings sjóðsins með innleiðingu LOF. Á árinu 2020 jukust umsvif sjóðsins umtalsvert frá fyrra ári vegna Covid-19 og aðgerða stjórnvalda til að stemma stigu við áhrif faraldursins á vinnumarkaðinn. Sérstaklega var fjallað um aðgerðir stjórnvalda í skýrslum sem Ríkisendurskoðun gaf út á árinu 2020.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum

greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Atvinnuleysistryggingasjóður var síðast endurskoðaður vegna ársins 2018.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2	5.2	Rekstrargjöld .....	12
1 Ábendingar og athugasemdir .....	4	5.3	Niðurstöður/ábendingar .....	15
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum .....	5	6	Endurskoðun efnahagsliða .....	16
2.1 Viðbrögð Atvinnuleysistryggingasjóðs .....	5	6.1	Eignir .....	16
3 Fjárveitingar og rekstur .....	7	6.2	Eigið fé og skuldir .....	17
3.1 Fjárveitingar .....	7	6.3	Annað .....	18
3.2 Rekstraráætlun .....	8	6.4	Niðurstöður/ábendingar .....	18
3.3 Niðurstöður .....	8	7	Önnur atriði .....	19
4 Innra eftirlit .....	9	7.1	Óhæðisyfirlýsing .....	19
4.1 Inngangur .....	9			
4.2 Umfjöllun .....	9			
4.3 Niðurstöður/ábendingar .....	11			
5 Endurskoðun rekstrarliða .....	12			
5.1 Rekstrartekjur .....	12			

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum.

## 1. Gömul tæknilega úrelt upplýsingakerfi

Nú er unnið að innleiðingu á nýju upplýsingakerfi Galdri. Lögð er áhersla á að nýtt upplýsingakerfi verði tekið í notkun eins fljótt og kostur er þar sem upplýsingakerfi sem notuð eru í dag eru orðin gömul og tæknilega úrelt og því ákveðin öryggisáhætta fólgin í notkun þeirra. Tryggja þarf að fullt samræmi sé á milli afgreiðslna í kerfinu og færslna í bókhaldi.

## 2. Þjónustusamningar við Vinnumálastofnun

Ítrekaðar eru fyrri ábendingar Ríkisendurskoðunar um að nýr þjónustusamningur verði gerður á öllum verkefnum sem Vinnumálastofnun sinnir vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs en núverandi þjónustusamningur er frá árinu 2007.

## 3. Bundið eigið fé

Krafa á ríkissjóð vegna innheimtu atvinnutryggingagjalds er nánast óbreytt frá því í árslok 2017 sem stafar af gildistöku LOF en ekki liggur fyrir hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins. Bundið eigið fé nam 18.180,6 m.kr. í árslok 2018.

## 4. Bankareikningar

Tryggja þarf að bankareikningar í eigu sjóðsins séu skráðir á réttan eiganda hjá Landsbankanum. Þá þarf að yfirfara aðgang starfsmanna að bankareikningum sjóðsins og loka aðgangi sem ekki er viðeigandi.

## 2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

### 2.1 Viðbrögð Atvinnuleysistryggingasjóðs

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2020 í þessari skýrslu, sjá ábendingar og athugasemdir í kafla 1 og niðurstöður í öðrum köflum.

Ekki voru gerðar efnislegar athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna en sjóðurinn taldi rétt að bregðast við á eftirfarandi hátt:

1. „a) Samhliða vinnu við smíði á Galdri hefur verið sett af stað vinna við verkferla til að tryggja samræmi á milli kerfa. Greiðsluhlutinn er útfærður með þeim hætti að greiðsluskrár færast rafrænt á milli Galdurs og Oracle með einni staðfestingu bókhalds til greiðslu. Vinna við aðra fjárlagaliði í sjóðnum verða útfærðir með þessum hætti þ.e. rafrænt á milli kerfa. Lögð verður áhersla á skýrslugjöf og einfölduð vinna við skilagreinar launatengdra gjalda.  
b) Vinna við gæðahandbók Atvinnuleysistryggingasjóðs er farin af stað með ferlavinnu samhliða smíði Galdurs sbr. lið 1.“

2. „Óskað verður eftir samtali við fagráðuneyti vegna nýs þjónustusamnings við Vinnumálastofnun.“
3. „Ákvörðun um hvernig meðhöndla skal bundið eigið fé er í höndum Fjármálaráðuneytis í samvinnu við fagráðuneyti sjóðsins.“
4. „Bankareikningar aðrir en Seðlabankareikningar voru við stofnun sjóðsins stofnaðir á kennitölu Vinnumálastofnunar sem hefur umsjón með vörslu sjóðsins. Bókhaldslega er sjóðurinn eigandi bankareikninganna og þeir skráðir þar í efnahag. Skoðaðir verða möguleikar hjá Landsbankanum um að gera kennitölubreytingu.“
5. „Árið 2021 eru greiðslur í sóttkví greiddar út úr Vinnumálastofnun í formi tilfærslna en fjárheimild liggur í Atvinnuleysistryggingasjóði og gerðar eru reglulegar millifærslur á milli sjóðsins og stofnunarinnar með tekjufærslur til að netta greiðslur út. Verkefnið var sett upp í Covid 19 og klárast á árinu 2021. Lagt var mat á kostnað við að breyta tölvukerfum til þess að greiðslur fari úr Atvinnuleysistryggingarsjóði en sú breyting hefði orðið kostnaðarsöm og er það einnig mat stjórnenda að varasamt er

að leggjast í breytingar sem þessar á miðju rekstrarári. Framvegis verður passað upp á að útgreiðslur tilfærslna fari ekki í gegnum rekstur stofnunarinnar til að koma í veg fyrir tvígjaldfærðan kostnað.

6. „Launasetning og launagreiðsla starfsmanns sem sinnir verkefni Atvinnumála kvenna fer fram í rekstri Vinnumálastofnun. Launagreiðslur sem fram koma í sjóðunum eru stjórnarlaun stjórnarmanna sjóðsins og síðan eru launabóknanir sem eru greiddar einu sinni að vori til þegar verið er að fara yfir umsóknir um styrk. Hópur skipaður af 4 einstaklingum hafa það hlutverk að fara yfir umsóknir og meta réttindi til styrkveitingu vegna þessa verkefnis. Launakostnaðurinn er því réttmætur.“
7. „Lögfræðingur Vinnumálastofnunar mun taka að sér að setja upp samkomulag um greiðslu til Sjómenntar.“
8. „Á árinu 2021 hefur fagráðuneytið samþykkt tekjudreifingu Vinnumálastofnunar og þar er tilgreind kostnaðarhlutdeild sjóðsins og þær tekjur sem stofnunin fær við umsýslu sjóðsins og verkefni tengd Covid 19. Samkomulag á milli stjórnenda Vinnumálastofnunar og fagráðuneytis er að verkefni tengd Covid 19 koma til stofnunarinnar með skömmum fyrirvara og því ekki gert ráð fyrir fjármunum þeim tengdum í fjárlögum og því hefur stofnunin fjármagnað sig með verkefnabundnum fjármunum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, á þetta eingöngu við um árið 2020 og 2021 vegna þess ástands sem er í þjóðfélaginu.“

9. „Í ársuppgjöri verður fasteignamat fasteignar Atvinnuleysistryggingasjóðs sent til Fjársýslu ríkisins sem fer með ársreikningsgerð sjóðsins.“

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

#### 3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2020 nam samtals 28.037,8 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Að stærstum hluta er um að ræða framlag vegna atvinnuleysisbóta sem nam 26.611,8 m.kr. en auk þess nam fjárveiting vegna umsýslukostnaðar Vinnumálastofnunar 715,0 m.kr., styrkja til fiskvinnslustöðva 191,0 m.kr., námskeiðahalds og annarra úrræða 480,0 m.kr. og framlaga og styrkja 40,0 m.kr. Til viðbótar þessari fjárveitingu komu fjárveitingar í fjárukalögum vegna aðgerða sem gripið var til vegna áhrifa Covid-19 á árinu 2020 samtals 58.350,0 m.kr. en um var að ræða 4.200,0 m.kr. fjárveitingu í fjárukalögum 2 vegna námskeiðahalds og annarra úrræða, 36.000,0 m.kr. fjárveitingu í fjárukalögum 3 og 18.150,0 m.kr. fjárveitingu í fjárukalögum 5 vegna atvinnuleysisbóta. Endanleg fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2020 nam því 86.387,8 m.kr.

Gjöld að frádregnum sértekjum námu 81.655,2 m.kr og voru því 4.732,6 m.kr. innan fjárveitingar ársins. Gjöld að frádregnum sértekjum hækkuðu um 57.355,3 m.kr. milli ára og skýrist einkum af auknu atvinnuleysi í kjölfar Covid-19 og þeirra aðgerða sem stjórnvöld gripu til í kjölfarið á árinu 2020. Rekstrarniðurstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs er jöfnuð í árslok í samræmi við ákvæði 3. mgr. 30. gr. laga um opinber fjármál.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2020:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Sértekjur	0	-7.529	7.529	-12.988
Launagjöld	2.500	6.309	-3.809	4.647
Önnur rekstrargjöld	892.500	1.577.049	-684.549	1.070.281
Rekstrartilfærslur	85.492.800	80.079.384	5.413.416	23.237.992
<b>Samtals</b>	<b>86.387.800</b>	<b>81.655.213</b>	<b>4.732.587</b>	<b>24.299.932</b>

Á árinu 2020 voru millfærðar fjárveitingar til Vinnumálastofnunar en fjárveitingarnar voru millifærðar í gegnum rekstur Atvinnuleysistryggingasjóðs en ekki fjárheimildakerfi. Gengið var frá greiðslum í samráði við félagsmálaráðuneyti. Um var að ræða greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna umsýslu við og greiðslu á styrkjum vegna sóttkvíar 448,5 m.kr., umsýslu með sumarstörfum námsmanna 80 m.kr auk greiðslu kostnaðar vegna hugbúnaðarsmíði á Galdri, nýju upplýsingakerfi sem nota á við afgreiðslu atvinnubóta 169 m.kr. Ríkisendurskoðun bendir á að eðlilegra hefði verið að millifæra umræddar fjárveitingar í gegnum fjárheimildakerfi til að koma í veg fyrir tvískráningu tekna og gjalda í ríkisreikningi.

### 3.1.2 Breytingar á meðferð markaðra tekna í reikningskilum.

Á árinu 2017 voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð markaðra tekna í kjölfar innleiðingar laga um opinber fjármál (LOF) og með setningu laga nr. 47/2018 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Með lagasetningunni varð sú breyting að markaðar tekjur af ýmissi starfsemi ríkisins eru nú færðar sem ríkistekjur og færast því ekki lengur í rekstrarreikningi viðkomandi ríkisaðila. Ríkisaðilar sem höfðu markaðar tekjur fá nú framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs telur að þessi meðferð gjaldsins í bókhaldi og reikningskilum ríkissjóðs sé ekki í samræmi við gildandi lög og hefur ekki gengið frá hefðbundinni áritun á ársreikninga sjóðsins frá árinu 2017 til dagsins í dag.

Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli félagsmálaráðuneytisins á þessu ástandi með bréfi dagsettu 2. júlí 2021. Kemur þar m.a. fram að reikningar sjóðsins, eins og þeir eru nú, fullnægja ekki skilyrði laga um frágang ársreiknings. Er því nauðsynlegt að ráðuneytið leysi úr þessum ágreiningi.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2020 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

### 3.3 Niðurstöður

Tekjuafgangur ársins 2020 nam 4.732,6 m.kr. sem kemur til lækkunar á tekjuafgangi fyrri ára en er svo jafnaður í lokafjárlögum. Rekstraráætlun var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

Ríkisendurskoðun bendir á að eðlilegra hefði verið að millifæra greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði til Vinnuálastofnunar í gegnum fjárheimildakerfi til að koma í veg fyrir tvískráningu tekna og gjalda í ríkisreikningi.



## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Atvinnuleysistryggingasjóður starfar samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Samkvæmt lögum þessum skal Vinnumálastofnun annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tilnefningum.

Verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs flokkast í atvinnuleysisbætur, starfstengd úrræði, styrki og framlög ásamt úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar taka við gögnum þeirra sem skrá sig atvinnulausa og framkvæma áhættumat, gögn og upplýsingar eru síðan send til Greiðslustofu á Skagatrönd. Greiðsla og umsýsla vegna atvinnuleysisbóta var hjá Greiðslustofu fram til ársloka 2018. Á árinu 2019

voru greiðslur atvinnuleysisbóta færðar til höfuðstöðva Vinnumálastofnunar í Reykjavík.

Á árinu 2019 breytti sjóðurinn fyrirkomulagi bótagreiðslna þannig að gjaldkeri sjóðsins í Reykjavík er með aðgang að bankareikningi í Seðlabanka og greiðir eingöngu fasta samþykka bunka sem eru læstir. Þetta er til þess fallið að auka öryggi bótagreiðslna. Fyrirkomulagið var ekki sérstaklega skoðað við þessa endurskoðun.

Önnur verkefni eru unnin af starfsfólki í höfuðstöðvum og þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar. Til eru skráðir ferlar vegna fjármála. Afgreiðsla umsókna um atvinnuleysisbætur er í skipulegu ferli og hugað er að verkaskiptingu einstakra afgreiðsluþátta. Vinna við gæðahandbók hefur dregist. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda er vinnsla slíkrar handbók komin í dagskrá í tengslum við verkferlavinnu sem verið er að gera vegna nýs upplýsingakerfis, Galdurs. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að þeirri vinnu sé haldið áfram og verkferlar skráðir í gæðahandbók fyrir alla starfsemi sjóðsins.

Við mat á innra eftirliti Atvinnuleysistryggingasjóðs reyndist það almennt vera í lagi. Verklagsreglur eru í notkun hjá Greiðslustofu á Skagatrönd en um er að ræða skriflegar reglur um ýmsa þætti innra eftirlits hjá sjóðnum svo sem um skráningu og vinnslu umsókna og starfslýsingar eru til staðar fyrir starfsmenn sjóðsins.

Upplýsingakerfi sem notuð eru til þess að halda utan um atvinnuleysisbætur (Alsam Stofn-Bóas) eru orðin gömul og tæknilega úrelt. Ef uppfærsla verður á öðrum hugbúnaði þá gæti komið upp vandamál sem erfitt gæti verið að leysa í Alsam. Þessi gömlu upplýsingakerfi eru því orðin ákveðin öryggisáhætta. Vinnumálastofnun er vel meðvituð um þessa áhættu og hefur stofnunin verið að vinna að því að taka upp nýtt kerfi (Galdur) sem leysa á gömlu kerfin af hólmi. Gert var ráð fyrri að nýja upplýsingakerfið yrði tekið í notkun síðla árs 2020. Eðlilegar skýringar eru á því af hverju innleiðingunni var frestað sem voru þau umfangsmiklu verkefni sem Vinnumálastofnun þurfti að takast á við afleiðingar Covid-19 þ.e.a.s. stóraukið atvinnuleysi og ný verkefni eins og hlutabótaleið.

Þrátt fyrir að Alsam, Stofn-Bóas séu tæknilega úrelt kerfi þá kom ekki ljós að virkni þeirra hafi verið áfátt á árinu 2020 og hafði þessi hnökri ekki áhrif á reikningsskil ársins 2020. Brýnt er hins vegar að endurnýja umrædd upplýsingakerfi.

Afstemming á greiðslum í BÓAS réttindakerfi og Orra fjárhagsbókhaldskerfis er vandkvæðum bundin þar sem BÓAS réttindakerfi er alltaf opið (lifandi kerfi) og því hægt að gera leiðréttingar aftur í tímann. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til sjóðsins að úr þessu verði bætt við upptöku nýs réttindakerfis sem taka á í notkun síðar á þessu á þessu ári. Mikilvægt er að fullt samræmi sé á milli afgreiðslu í réttindakerfi Atvinnuleysistryggingasjóðs og færslna í fjárhagsbókhaldi.

Eftirlitsaðgerðir eru framkvæmdar sem byggja m.a. á ábendingum, yfirferð á greiðslulistum við útgreiðslu bóta, rafrænum samanburði á gögnum milli stofnana og fyrirtækja og eru aðilar sem hafa fengi ofgreitt krafðir um endurgreiðslu. Samkeyrslur eru gerðar við skrá Ríkisskattstjóra og gagna menntastofnana og hafa þessar aðgerðir skilað góðum árangri.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir styrki til fiskvinnslufyrirtækja sem eru í tímabundinni vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts og er það gert til að tryggja dagvinnulaun starfsmanna þessara fyrirtækja og námu styrkir til fiskvinnslufyrirtækja vegna greiðslustöðvunar 123,5 m. kr. á árinu 2020. Við endurskoðun Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2018 var það mat Ríkisendurskoðunar að innra eftirlit með þessum styrkjagreiðslum væri veikt og því mikilvægt að aukið verði við eftirlitsaðgerðir vegna útgreiðslu styrkja til fiskvinnslufyrirtækja. Samkvæmt fyrirspurnum til stjórnenda við endurskoðun árin 2019 og 2020 hefur verið hert á eftirlitsaðgerðum er snúa að umsóknarferlinu auk þess að nýtt tölvakerfi hefur verið tekið í notkun.

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 skal Vinnumálastofnun annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusamnings. Þjónustusamningur var gerður árið 2007 og í honum er fjallað um greiðslu atvinnuleysisbóta. Vinnumálastofnun sér einnig um önnur umfangsmikil verkefni fyrir sjóðinn sem eru vinnumarkaðsúræði og styrkveitingar en þeirra er ekki getið í þjónustusamningi. Í viðbrögðum Atvinnuleysistryggingasjóðs við ábendingu Ríkisendurskoðunar kom fram í endurskoðunarbréfi vegna ársins 2016 að forstjóri muni vinna að drögum að nýjum þjónustusamningi og leggja fyrir fagráðuneyti. Við endurskoðun vegna ársins 2018 kom fram að þeirri vinnu var ekki lokið og við endurskoðun ársins 2020 er staðan óbreytt og er því ábendingin ítrekuð nú um að nýr þjónustusamningur verði gerður þar sem tekið er á öllum verkefnum sem Vinnumálastofnun sinnir vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir til Vinnumálastofnunar umsýslugjald vegna afgreiðslu atvinnumála kvenna. Ítrekaðar eru fyrri ábendingar um að laun einstaklinga sem sinna verkefnum vegna afgreiðslu atvinnumála kvenna ættu að greiðast af Vinnumálastofnun en hluti launakostnaðar 0,7 m.kr. hefur verið færður hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Framangreind ábending kom fram við endurskoðun vegna ársins 2018 og við endurskoðun ársins 2020 er staðan óbreytt og er því ábendingin ítrekuð nú.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Skoðun leiddi ekki annað í ljós en að innra eftirlit sé almennt í lagi hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Aðskilnaður starfa sem snúa að bókun og greiðslu reikninga hefur verið aukinn og er það liður í að styrkja innra eftirlit sjóðsins. Ríkisendurskoðun leggur til að áfram verði unnið að því að bæta innra eftirlitsumhverfis sjóðsins og bendir í því sambandi á eftirfarandi:

Nú er unnið að innleiðingu á nýju upplýsingakerfi Galdri. Lögð er áhersla á að nýtt upplýsingakerfi verði tekið í notkun eins fljótt og kostur er þar sem upplýsingakerfi sem notuð eru í dag eru orðin gömul og tæknilega úrelt og því ákveðin öryggisáhætta fólgin í notkun þeirra. Tryggja þarf að fullt samræmi sé á milli afgreiðslna í kerfinu og færslna í bókhaldi.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vinnu við gæðahandbók sé haldið áfram og verkferlar skráðir í gæðahandbók fyrir alla starfsemi sjóðsins.

Ítrekaðar eru fyrir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að nýr þjónustusamningur verði gerður þar sem tekið er á öllum verkefnum sem Vinnumálastofnun sinnir vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ítrekaðar eru fyrri ábendingar um að laun einstaklinga sem sinna verkefnum vegna afgreiðslu atvinnumála kvenna ættu að greiðast af Vinnumálastofnun en hluti launakostnaðar 0,7 m.kr. hefur verið færður hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

## 5 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2020

Í þús. kr.	2020	2019	Breyting
<b>Tekjur</b>			
Rekstrartekjur	-7.529	-12.988	5.458
<b>Alls tekjur</b>	<b>-7.529</b>	<b>-12.988</b>	<b>5.458</b>
<b>Gjöld</b>			
Atvinnuleysisbætur	77.931.884	22.674.187	55.257.697
Til fyrirtækja og samtaka	2.097.500	563.805	1.533.695
Til ríkistofnanna A-hluta	50.000	0	50.000
Kostnaðarhlutdeild í sam. þjónustu	1.193.523	714.700	478.823
Sérfræðiþjónusta og annar rek.kostn.	385.562	229.367	156.195
Vextir og afskrifaðar kröfur	4.273	130.861	-126.587
<b>Alls gjöld</b>	<b>81.662.742</b>	<b>24.312.920</b>	<b>57.349.823</b>
Framlag ríkissjóðs	-86.387.800	-24.500.100	-61.887.700
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-4.732.587</b>	<b>-200.168</b>	<b>-4.532.419</b>

Samkvæmt yfirliti um afkomu ársins 2020 námu tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs að frátöldu framlagi ríkissjóðs 7,6 m.kr. og gjöld námu 81.662,7 m.kr, sjá sundurliðun í töflu 2.

### 5.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 7,5 m.kr. árið 2020 en voru 13,0 árið 2019 og lækkuðu því um 5,5 m.kr. Rekstrartekjur eru vegna vaxtatekna af útistandandi kröfum ofgreiddra atvinnuleysisbóta.

### 5.2 Rekstrargjöld

#### 5.2.1 Atvinnuleysisbætur

Greiðslur til einstaklinga samtaka og heimila námu 77.931,9 m.kr. árið 2020 en voru 22.674,2 árið 2019 eða hækkun um 55.257,7 m.kr. Greiðslur af þessum lið skiptust þannig að 54.458,5 m.kr. voru vegna atvinnuleysisbóta, 23.386,8 m.kr. voru vegna minnkaðs starfshlutfalls, 54,8 m.kr. voru vegna úrræða, 0,8 m.kr. voru vegna vinnumarkaðsráða og 31,0 voru framlög og styrkir.

Í fjárhagsbókhaldi sjóðsins voru um 386 m.kr. bakfærðar á atvinnuleysisbætur. Um er að ræða endurgreiðslur frá fyrirtækjum og einstaklingum vegna hlutastarfaleiðar í kjölfar opinberrar umræðu um hlutastarfaleið. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar á síðasta ári um hlutastarfaleið

kom fram að lögin um hana voru túlkuð nokkuð rúmt áður en að þeim var breytt í maí 2020 og að í hópi þeirra sem nýtt höfðu sér úrræðið voru fyrirtæki sem bjuggu við traustan efnahag og öflugan rekstur og því ekki í hópi þeirra sem úrræðið hefði átt að beinast að.

### 5.2.2 Tilfærslur til fyrirtækja og samtaka

Tilfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega námu 2.097,5 m.kr. á árinu 2020 en voru 563,8 m.kr. árið 2019 eða aukning um 1.533,7 m.kr.. Skiptingu tilfærslna og aukningu á milli ára má sjá í eftirfarandi töflu:

**Tafla 3 Tilfærslur 2020**

Í þús. kr.	2020	2019	Breyting
Verkþjálfun	16.506	26.046	-9.540
Starfsþjálfun	378.402	236.732	141.670
Atvinnuleysisbætur til einstakl. erl.	64.909	52.209	12.699
Styrkir til fiskvinnslustöðva	123.453	119.325	4.128
Námskeiðahald og önnur úrræði	101.222	129.492	-28.271
Námsmenn styrkir til sveitarfélaga	857.620	0	857.620
Námsmenn styrkir til opinb. stofn.	555.389	0	555.389
<b>Samtals</b>	<b>2.097.500</b>	<b>563.805</b>	<b>1.533.695</b>

#### Verkþjálfun

Framlag til verkþjálfunar nam 16,5 m.kr. en var 26,0 m.kr. árið áður. Vinnuálastofnun hefur gert þjónustusamninga við fjölsmiðjur sem eru sjálfeignarstofnanir sem starfrækja verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára og Vesturafli sem er geðræktarmiðstöð sem býður upp á virkni og samveru sem leggur áherslu á ungt fólk. Framlagið kemur til vegna stofnana sem greiða nemum þjálfunarstyrki og gefa út launaseðla sem Atvinnuleysisstryggingasjóður greiðir til stofnananna.

#### Starfsþjálfun

Framlag til starfsþjálfunar nam 378,4 m.kr. árið 2020 en var 236,7 m.kr. árið 2019 eða aukið framlag sem nam 141,7 m.kr. Starfsþjálfun eru ráðningarstyrkir til fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnanna til tímabundinni ráðninga að hámarki 6 mánaða. Markmið ráðningarstyrks er að aðstoða atvinnurekendur við að fjölga atvinnutækifærum á vinnumarkaði fyrir atvinnuleitendur á skrá hjá Vinnuálastofnun.

#### Atvinnuleysisbætur til einstaklinga erlendis

Greiðslur atvinnuleysisbóta til einstaklinga erlendis námu 64,9 m.kr. árið 2020 en voru 52,2 árið áður og aukning greiðslna nam því 13,7 m.kr. Um er að ræða endurgreiðslu á atvinnuleysisbótum sem erlent ríki greiddi atvinnulausum einstaklingum þar í landi vegna vinnusögu viðkomandi á Íslandi.

#### Styrkir til fiskvinnslustöðva

Styrkir til fiskvinnslustöðva námu á árinu 123,5 m.kr. en voru 119,3 m.kr. árið áður eða aukning um 4,1 m.kr. Styrkir til fiskvinnslustöðva byggja á lögum nr. 51/1995 og er ætlað að tryggja dagvinnulaun til starfsfólks fyrirtækja sem eru í tímabundinni vinnslustöðvun vegna hráefnisskortis.

#### Námskeiðahald og önnur úrræði

Framlög til námskeiðahalds og annarra úrræða námu 101,2 m.kr. árið 2020 en voru 129,5 árið 2019 eða lækkun um 28,3 m.kr. sem skýrist af því að framlög til einstaklingbundinna úrræða 54,8 m.kr. færðust yfir á atvinnuleysisbætur þ.e. greiðslur til einstaklinga, samtak og heimila. Um er að ræða m.a. framlög til rekstar fjölsmiðja og úrskurðanefndar velferðarmála. Við endurskoðun ársins 2018 benti Ríkisendurskoðun á að endurnýja þyrfti samninga við fjölsmiðjur og fylgt væri eftir ákvæðum um skil fjölsmiðja á ársreikningum. Við endurskoðun voru endurnýjaðir samningar við fjölsmiðjur skoðaðir og kallað eftir ársreikningum fjölsmiðja í úrtaki og er sú skoðun án athugasemda.

Ítrekuð er fyrri ábending um að ekki liggur fyrir samningur eða samþykkt stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs varðandi greiðslur til Sjómenntar – fræðslusjóðs sjómanna sem nema 15,0 m.kr. á hverju ári

### **Námsmenn styrkir til sveitarfélaga og opinberra stofnanna**

Framkvæmd styrkja til sveitarfélaga og opinberra stofnana er í samræmi við minnisblað sem fór fyrir ríkisstjórn vegna aðgerða í úrræðum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur og var Vinnumálastofnun falið að sjá um framkvæmdina. Samkvæmt minnisblaði Samhæfingarhóps um atvinnu- og menntaúrræði undir forystu félags- og barnamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra dagsett 28.04.2020 kom fram að Samhæfingarhópnum var meðal annars falið að skoða stöðu og möguleg menntaúrræði og sumarstörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi. Í minnisblaði kom jafnframt eftirfarandi fram: *Átaksverkefni um sumarstörf snýr að því að fjölga tímabundið störfum fyrir námsmenn sem uppfylla tiltekin skilyrði og byggir á sumarátaki fyrir námsmenn.* „Vinnumálastofnun stýrir verkefninu í samvinnu við stofnanir ríkis og sveitarfélaga en áætlað er að unnt verði að skapa allt að 3.400 störf á tímabilinu 1. júní til 15. ágúst 2020. Gert er ráð fyrir að greidd verði tiltekin fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði með hverju starfi og að hlutaðeigandi launagreiðandi greiði það sem upp á vantar þannig að laun verði í samræmi við kjarasamninga hverju sinni.“

Samkvæmt upplýsingum stjórnenda gekk átakið um sumarstörf námsmanna mjög vel. Mikil eftirspurn var eftir átakinu og stofnanir og sveitarfélög gátu ráðist í verkefni sem þau hefðu annars ekki farið í. Við endurskoðun var úrtak reikninga og fylgiskjala skoðað án athugasemda.

### **5.2.3 Til ríkisstofnanna í A-hluta**

Um er að ræða 50,0 m.kr. framlag til Vinnumálastofnunar vegna umsýslukostnaðar við sóttkví.

### **5.2.4 Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu**

Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu eru greiðslur til Vinnumálastofnunar og námu 1.193,5 m.kr. árið 2020 samanborið við 714,7 m.kr. árið 2019 eða aukning um 478,8 m.kr. Samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam fjárveiting úr Atvinnuleysistryggingasjóði til Vinnumálastofnunar 715,0 m.kr. Til viðbótar ákvað félagsmálaráðuneyti að greiða 80,0 m.kr. í umsýslugjald vegna sumarstarfa námsmanna auk framlags vegna launa í sóttkví 398,5 m.kr. Ríkisendurskoðun telur að samþykki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði líka átt að liggja fyrir vegna þessara greiðslna úr sjóðnum til Vinnumálastofnunar.

### **5.2.5 Sérfræðiþjónusta og annar rekstrarkostnaður**

Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu og annars rekstrarkostnaðar nam 385,6 m.kr. árið 2020 samanborið við 229,4 m.kr. árið 2019 eða aukning um 156,2 m.kr. Helstu kostnaðarliðir eru sérfræðiþjónusta sem nam 197,3 m.kr. árið 2020 en var 202,9 m.kr. árið 2019 eða lækkun um 5,7 m.kr. Einkum er um að ræða sérfræðikostnað vegna þjónustu við skjólstæðinga Atvinnuleysistryggingasjóðs svo sem túlkþjónustu, íslenskunám, námsstyrki og námskeið. Kaupa á þjónustu námu 23,4 m.kr. en voru 3,0 m.kr. árið áður, um er að ræða framlög og greiðslur vegna þjónustusamninga til Fjölsmiðjunnar, Lýðskólans á Flateyri og Örtækni.

Kostnaður við hugbúnaðargerð vegna nýs upplýsingakerfis hjá sjóðnum nam 145,8 m.kr. en var enginn á árinu 2019. Um er að ræða kostnað vegna kaupa á nýjum hugbúnaði. Um er að ræða greiðslu til Vinnumálastofnunar að fjárhæð 169 m.kr. að frádreginni leiðréttingu að fjárhæð 23,2 m.kr. sem var vegna 2018.

Laun og launatengd gjöld námu 4,3 m.kr. samanborið við 4,6 m.kr. árið áður. Launakostnaður samanstendur af stjórnarlausnum Atvinnuleysistryggingasjóðs og launakostnaði vegna atvinnumála kvenna.

Kostnaður við gjafabréf til starfsmanna Vinnumálastofnunar samtals að upphæð 2,0 m.kr. vegna álags við vinnu tengt Covid eru gjaldfærð hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þessa færslu og bendir á á að eðlilegt er að gjaldfæra þennan starfsmannakostnað hjá Vinnumálastofnun.

### 5.2.5 Vextir og afskrifaðar kröfur

Vaxtagjöld námu 168 þús. krónum árið 2020 en voru 379 þús. krónur árið 2019. Afskrifaðar ofgreiddar atvinnuleysisbætur námu 4,7 m.kr. fyrir árið 2020 en voru 130,6 m.kr. árið 2019.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun gerir eftirfarandi athugasemdir/ábendingar:

Gerð er athugasemd við framlag til Sjómenntar – fræðslusjóðs sjómanna en enginn samningur eða samþykkt liggur að baki greiðslum. Ákvarðanir um styrki þarf að formgera betur með samningum eða sýnilegum stjórnarsamþykktum.

Á árinu 2020 var kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu sem greidd var til viðbótar fjárveitingu í fylgiriti með fjárlögum til Vinnumálastofnunar í samræmi við ákvörðun félagsmálaráðuneytis vegna launa í sóttkví og vegna umsýslu með sumarstörfum námsmanna. Ríkisendurskoðun telur að samþykki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði líka átt að liggja fyrir vegna þessara greiðslna úr sjóðnum til Vinnumálastofnunar.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að starfsmannakostnaður Vinnumálastofnunar sé gjaldfærður hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 4 Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Í þús. kr.	31.12 2020	31.12 2019	Breyting
<b>Eignir</b>			
Tengdir aðilar	33.610.190	23.272.053	10.338.137
Aðrar kröfur	392.148	234.364	157.784
Handbært fé	145.795	0	145.795
<b>Eignir alls</b>	<b>34.148.133</b>	<b>23.506.418</b>	<b>10.641.715</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign	4.732.587	200.168	4.532.419
Bundið eigið fé	18.180.608	18.180.608	0
	22.913.195	18.380.776	4.532.419
<b>Skuldir</b>			
Yfirdráttarlán	7.654.348	4.067.315	3.587.033
Aðrar skuldir	3.580.589	1.058.326	92.707
	11.234.938	5.125.641	6.109.296
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>34.148.133</b>	<b>23.506.418</b>	<b>10.641.715</b>

Í árslok 2020 námu eignir 34.148,1 m.kr., eigið fé nam 22.913,2 m.kr. og skuldir námu 11.234,9 m.kr.

### 6.1 Eignir

#### 6.1.1 Tengdir aðilar

Kröfur vegna tengdra aðila námu 33.610,2 m.kr. í árslok 2020 sem er hækkun um 10.338,1 m.kr. frá fyrra ára og skýrist af breytingu á greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði sem var jákvæð um 15.447,8 m.kr. í árslok 2020. Krafa á ríkissjóð vegna innheimtu atvinnuþryggingagjalds frá því fyrir upptöku LOF er óbreytt frá fyrra ári eða 17.445,7 m.kr. og hefur lítið breyst frá árslokum 2017. Um er að ræða innheimtu atvinnuþryggingagjalds sem nam 0,65% af gjaldstofni tryggingagjalds en gjaldið er ekki lengur fært hjá sjóðnum samanber umfjöllun í *kafla 3.1.2 um breytta framsetningu reikningskila vegna markaðra tekna*.

Meðal krafna á tengda aðila eru kröfur á bótaþega vegna ofgreiðslu bóta samtals að fjárhæð 716,6 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 191 m.kr. í lok síðasta árs og skýrist af áhrifum Covid-19. Afskriftareikningur vegna óbeinna afskrifta af innheimtu ofgreiddra bóta var óbreyttur í árslok 2020 20,4 m.kr. og er lagt er til að staða hans verði endurmetin í ljósi þess að ógreiddar kröfur hafa hækkað umtalsvert.

Kröfur á bótaþega vegna ofgreiddra bóta eru ekki sundurliðaðar á bótaþega í fjárhagsbókhalda heldur færðar í summutölum úr BÓAS réttindakerfi og sundurliðaðar eftir árum í fjárhagsbókhalda. Álag er reiknað og bætt við kröfur í fjárhagsbókhalda. Ríkisendurskoðun bendir á að núverandi fyrirkomulag veldur erfiðleikum við rekja færslur og afstemmingu við BÓAS



og hvetur til þess að í nýju kerfi sem verið er að smíða verði hugað að gagnsæi og rekjanleika við flutning gagna vegna ofgreiddra bóta úr kerfinu yfir í fjárhagsbókhald.

### 6.1.2 Aðrar kröfur

Aðrar kröfur námu 392,1 m.kr. í árslok. Stærstur hlutinn eða um 255,7 m.kr. eru kröfur vegna framlaga úr sjóðnum af fjárlagaliðnum 07-981 *Verndaðir vinnustaðir* vegna árána 2020 og 2019. Af tæknilegum ástæðum var ákveðið að láta greiðslurnar fara fram í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Fjársýsla ríkisins sér um að endurgreiða Atvinnuleysistryggingasjóði af fjárlagaliðnum (07-981). Kröfurnar voru greiddar í febrúar 2021. Að auki eru á þessum lið kröfur að fjárhæð 135,9 m.kr. sem færðar hafa verið úr bótakerfinu og í TBR innheimtukerfi ríkisins til innheimtu hjá Sýslumanninum á Blönduósi. (Sjá nánar umfjöllun um þær kröfur hér að framan).

### 6.1.3 Handbært fé

Atvinnuleysistryggingasjóður á þrjá bankareikninga skv. bókhaldi, einn er í Seðlabanka og tveir í Landsbankanum. Inneign á tveimur þessara reikninga nam 146 m.kr. Á aðalgreiðslureikningi atvinnuleysisbóta var yfirdráttur sem sýndur meðal skulda í ársreikningi. Eins og áður hefur verið bent á í endurskoðunarskýrslu þarf að tryggja að bankareikningar skráðir á Atvinnuleysistryggingasjóð hjá Landsbankanum.

Lagt er til að vinna við greiðsluáætlanagerð fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð sé endurskipulögð til þess að koma í veg fyrir yfirdrátt á einstökum bankareikningum og óþarflega uppsöfnun á öðrum reikningum. Skv. 1. gr. reglna nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs er yfirdráttur ekki heimill. Yfirdráttur var í árslok á einum bankareikningi í eigu stofnunarinnar.

Þá þarf að yfirfara aðgang starfsmanna að bankareikningum sjóðsins og loka aðgangi sem ekki er viðeigandi. Vinna er í gangi við að lagfæra það.

## 6.2 Eigið fé og skuldir

### 6.2.1 Hrein eign

Hrein eign nam 4.732,6 m.kr. sem skýrist af jákvæðri afkomu sjóðsins á árinu. Hrein eign í upphafi árs er jöfnuð út með sérstakri færslu í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. LOF.

### 6.2.2 Bundið eigið fé

Bundið eigið fé nam 18.180,6 m.kr. í árslok 2020. Fjárhæðin er óbreytt frá árslokum 2016. Um var að ræða færslu markaðra tekna sjóðsins fyrir gildistöku LOF laga. Ekki liggur fyrir hvernig farið skuli með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins.

### 6.2.3 Skuldir

#### *Yfirdráttarlán*

Yfirdráttur á bankareikningi nam 7.654,3 m.kr. í árslok 2020, sjá nánar umfjöllun í *kafla 4.1.3* hér að framan.

#### *Aðrar skuldir*

Að stærstum hluta er um að ræða afdregna staðgreiðslu af bótum og greiðslur í lífeyrissjóð þar með taldar greiðslur í séreignasjóð ásamt félagsgjöldum til stéttarféлага. Afstemmingar þessara reikninga í bókhaldi liggja fyrir.

## 6.3 Annað

### 6.3.1 Fasteign

Fasteign að Laugavegi 116, Reykjavík, er skráð eign ríkissjóðs en Atvinnuleysistryggingasjóður er skráður umráðandi ásamt ríkissjóði skv. fasteignaskrá. Húsnæðið er 356 fermetrar og fasteignamat 89,3 m.kr. í árslok 2020 skv. Þjóðskrá. Sjóðurinn hefur leigt húsnæðið út undanfarin ár en það hefur staðið autt frá því á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum þyrfti að ráðast í umtalsverðar umbætur á húsnæðinu áður en að hægt væri að leigja húsnæðið aftur út.

Upplýsingar um fasteignina koma ekki fram í skýringum með ársreikningi sjóðsins. Eðlilegt væri að upplýsingar um fasteignina kæmu fram í skýringum með ársreikningi sjóðsins.

## 6.4 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun gerir eftirfarandi athugasemdir/ábendingar:

Krafa á ríkissjóð vegna innheimtu atvinnutryggingagjalds er nánast óbreytt frá því í árslok 2017 sem stafar af gildistöku LOF en ekki liggur fyrir hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins. Bundið eigið fé nam 18.180,6 m.kr. í árslok 2018.

Ríkisendurskoðun bendir á að núverandi fyrirkomulag í sambandi við innheimtu ofgreiddra bóta veldur erfiðleikum við rekja færslur og afstemmingu við bótakerfi atvinnuleysistrygginga (BÓAS) og hvetur til þess að í nýju kerfi sem verið er að smíða verði hugað að betra gagnsæi og rekjanleika við flutning gagna vegna ofgreiddra bóta úr kerfinu yfir í fjárhagsbókhald.

Tryggja þarf að bankareikningar í eigu sjóðsins séu skráðir á réttan eiganda hjá Landsbanka. Þá þarf að yfirfara aðgang starfsmanna að bankareikningum sjóðsins og loka aðgangi sem ekki er viðeigandi.

Fasteign að Laugavegi 116, Reykjavík, er skráð eign ríkissjóðs en Atvinnuleysistryggingasjóður er skráður umráðandi ásamt ríkissjóði skv. fasteignaskrá. Upplýsingar um fasteignina koma ekki fram í skýringum með ársreikningi sjóðsins.

# 7 Önnur atriði

## 7.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)